

frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða árið 1979.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðs-dómslögmanns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Elmar Vestmann Guðmundsson, greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs inna 4. vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 ár frá birtingu dómsins að telja, að frádregnum 4 mánuðum, sem ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða á árinu 1979.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Þóroddssonar héraðsdómslögmanns, 3.500.00 krónur.

Fimmtudaginn 23. júní 1983.

Nr. 57/1981. **Ægir Ómar Hraundal**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Magnúsi Fr. Árnasyni

og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál. Löghaldsgerð staðfest. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sakarskiptingar og verulegrar lækkunar bótafjárhæðarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 17. mars 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 189.074.15 krónur með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 2. apríl 1980, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögudags dóms í máli þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, „en allt að frádrægnum kr. 32.400.00, sem er framreiknuð greiðsla til gagnáfrýjanda frá Brunabótafélagi Íslands upp í skaðabótakröfu hans og innt var af hendi í tvennu lagi 9/2 1980 og 17/3 1980“. Þá er krafist staðfestingar á löghaldsgerð, sem framkvæmd var 1. apríl 1980 í 3. herbergja íbúð á 3. hæð til hægri í húsinu nr. 4 við Íðufell í Reykjavök, eign aðaláfrýjanda, en löghald þetta hafði verið gert til tryggingar stefnufjárhæð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þeirra á meðal útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 4. maí 1983 á höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps gagnáfrýjanda af völdum tímabundinnar og varanlegrar örorku.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans um fébótaábyrgð áðaafrýjanda.

Í héraðsdómi eru greindir útreikningar fyrrnefnds tryggingafræðings 20. nóvember 1979 og 21. október 1980. Í hinum nýja útreikningi er tekið tillit til kauplagsbreytinga frá síðasta útreikningi. Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast tryggingafræðingnum nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	12.400
Vegna varanlegrar örorku	kr.	164.400
Samtals	kr.	176.800

Þá segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Greiðsla að fjárhæð gkr. 2.211.290 þann 14. mars 1980 jafngildir sem næst nýkr. 32.400 nú (4. maí 1983). Þá eru eingöngu notaðir 13% ársvextir til að færa greiðsluna til í tíma. Á sama hátt jafngildir hin tiltekna greiðsla nýkr. 16.860 á slysdegi“.

Gagnáfrýjandi sundurliðar höfuðstól stefnufjárhæðarinnar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 176.800.00
2. Gleraugu	— 454.15
3. Viðgerð á tönnum	— 5.820.00
4. Miskabætur	— 6.000.00
	Kr. 189.074.15
Til frádráttar	— 32.400.00
Eftir verða því	kr. 156.674.15

Aðaláfrýjandi hefur mótmælt því, að hinn nýi útreikningur á örorkutjóni gagnáfrýjanda komist að við meðferð málsins hér fyrir dómi. Á þetta verður ekki fallist. Gagnáfrýjandi hefur uppi hærri fjárkröfu en hann gerði í héraði. Er ekki efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 45/1973.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans um 2. 3. og 4. kröfulið og 1. kröfulið að því er tekur til tíma-bundinnar örorku. Við ákvörðun bóta til handa gagnáfrýjanda vegna tekjutaps af völdum varanlegrar örorku ber að taka tillit til þess, að gagnáfrýjandi hélt fullum launum sínum frá slysdegi til 1. janúar 1983, að hann lét af störfum og hóf töku lífeyris úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands samkvæmt sonefndri 95 ára reglu, en um þessi atriði var upplýst við munnlegan málflutning. Þegar þessa er gætt, þykja bætur til gagnáfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið hæfilega ákveðnar 70.000.00 krónur. Ber þessu samkvæmt að taka fébótakröfu gagnáfrýjanda til greina með 82.274.15 krónum (70.000.00 + 454.15 + 5.820.00 + 6.000.00). Frá henni ber að draga inngreiðslu á tjónið, 32.400.00 krónur, sem miðast við kröfugerð gagnáfrýjanda og útreikning hans, sem ekki hefur verið vefengdur. Eftir standa þá 49.874.15 krónur, er aðal-

áfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Staðfesta ber kyrrsetningu þá, er í málinu greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Framangreind kyrrsetning er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Ægir Ómar Hraundal, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Fr. Árnasyni, 49.874.15 krónur með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 2. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þesum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Kröfugerð áfrýjanda var þannig byggð upp í héraði, að örorkuþjón hans var miðað við nýjan útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 21. október 1980, en í honum er tekið tillit til kaupgjaldsbreytinga frá slysdegi til útreikningsdags. Samkvæmt því reiknast tryggingafræðingnum höfuðstólsandvirði vinnuteknataps á slysdegi samtals gkr. 7.062. Jafnframt var í héraði gerð krafa um vexti frá slysdegi 7. janúar 1978 til greiðsludags, þar með taldir

hæstu lögleyfðir dómvextir frá stefnubirtingardegi. Vaxtakrafa var þannig sundurliðuð við dómtöku í héraði: 16% ársvextir frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til stefnubirtingardags 2. apríl 1980, en hæstu lögleyfðir dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Við útreikning verðmætis innborgana frá Brunabótafélagi Íslands í febrúar og mars 1980, gkr. 2.211.290, á útreikningsdegi hinn 17. október 1980 reiknar tryggingafræðingurinn með 13% p. a. vaxta-tekjum af innborguninni í samræmi við útreikning tjónsins að því er segir í bréfi Jóns Erlings Þorlákssonar frá 21. október 1980. Fyrir sama tímabil er í kröfugerð stefnanda í héraði krafist 31% ársvaxta til 2. apríl 1980, en 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s. á. og 46% ársvaxta frá þeim degi til loka þessa tímabils hinn 17. október 1980.

Við flutnings málsins fyrir Hæstarétti er lagður fram enn nýr útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 4. maí 1983, miðaður við verðlag (kaupgjald) við útreikning, en að öðru leyti með óbreyttum forsendum. Með þeim útreikningsmáta reiknar tryggingafræðingurinn höfuðstólsandvirði vinnuteknataps á slysdegi samtals 176.800.00 krónur (nýkr.). Jafnframt umreiknar hann greiðsluna frá febrúar/mars 1980 og telur verðmæti hennar 4. maí 1983 miðað við sömu forsendur og áður vera 32.400.00 krónur (nýkr.). Í kröfugerð fyrir Hæstarétti er vaxta krafist með sama hætti og í héraði frá 7. janúar 1978 og dómvaxta krafist frá stefnubirtingardegi í héraði til greiðsludags, svo sem gert var í héraði.

Með þeirri kröfugerð, sem að framan er lýst, krefst gagnáfrýjandi í raun tvöfaldra verðbóta á örorkutjón sitt fyrir tímabilið frá slysdegi 7. janúar 1978 til 4. maí 1983, er tjónið var síðast reiknað. Annars vegar er tjónið á slysdegi fært til samræmis við verðlag (kaupgjald) nú 4. maí 1983, en í því felst rúmlega þreföldun fjárhæðar frá fyrsta útreikningi örorkutjóns hinn 20. nóvember 1979 og miklu meiri hækkun, ef reiknað hefði verið með verðlagi á slysdegi, en hins vegar er krafist vaxta, sem eru að langmestum hluta bætur fyrir verðfall höfuðstóls, en að litlu leyti raunverulegir vextir, þ. e. áhættuþóknun og leiga eftir peninga.

Gagnáfrýjandi hefur enga varakröfu gert í málinu eða reifað mál-ið með þeim hætti, að byggja mætti á öðrum vaxtafæti, þar sem verðbótapáttur væri eigi innifalinn, fyrir tímabilið frá slysdegi 7. janúar 1978 til útreikningsdaga örorkutjóns, hinn 21. október 1980 í héraði eða 4. maí 1983 fyrir Hæstarétti. Hann hefur ekki heldur lagt fram neina útreikninga um fjárhæð vinnuteknaþaps á slysdegi miðaða við verðlag á þeim tíma, en það mundi nauðsynlegt, ef taka ætti vaxtakröfu hans til greina að fullu.

Þá er það athugavert, að í öllum útreikningum á örorkutjóni gagnáfrýjanda er eingöngu miðað við 13 af hundraði ávöxtun á ári, er höfuðstólsandvirði vinnuteknaþaps er fundið. Ég tel þessa vaxta-prósentu ekki í samræmi við raunverulega ávöxtunarmöguleika og því nauðsynlegt, að gefnir séu fleiri kostir í slíkum útreikningum.

Málatilbúnaður gagnáfrýjanda þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, svo miklum annmörkum háður, að eigi verði dómur lagður á málið, eins og það hefur verið lagt fyrir dómstóla. Vegna þessarar vanreifunar er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Magnús Friðrik Árnason, greiði aðaláfrýj-
anda, Ægi Ómari Hraundal, samtals 25.000.00 krónur í máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. apríl 1980.

Stefnandi málsins er Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, Hraun-
teigi 26, Reykjavík.

Stefndi er Ægir Ómar Hraundal bifreiðarstjóri, Iðufelli 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.189.415 „með 16% ársvöxtum frá 7.1. 1978 til 21.2.1978 með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en allt að frádregnum kr. 2.358.290, er voru greiddar upp í skaðabótakröfuna 9.2. 1980 og 17.3. 1980 af Brunabótafélagi Íslands. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð, sem framkvæmd var 1. apríl 1980 í 3ja herbergja íbúð á 3. hæð til hægri að Iðufelli 4, Reykjavík, eign stefnda, til tryggingar stefnufjárhæðinni.“

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

II.

Tildrögum málsins er svo lýst í stefnu:

„Málavexti kveður stefnandi vera þá, að aðfaranótt laugardagsins 7. janúar 1978 hafi Magnús Fr. Árnason komið í afgreiðslu Bifreiðastöðvar Steindórs í Hafnarstræti, Reykjavík, í því skyni að fá leigubifreið til að aka sér heim. Stöðvarmaður bifreiðastöðvarinnar hafi verið stefndi. Eftir smá orðahnippingar milli Magnúsar og stefnda hafi það engum togum skipt, að stefndi réðist á Magnús og lét hann út, en á planinu fyrir utan stöðina hafi stefndi slegið Magnús tvívegis í andlitið með hægri hendi og hafi högginn lent á vinstri vanga Magnúsar. Stöðvarmaðurinn hafi síðan farið inn og hringt eftir nokkra stund á lögregluna, sem hafi komið von bráðar á vettvang. Magnús hafi þá legið á planinu, blóðugur í andliti. Lögreglan hafi flutt Magnús á slysadeild Borgarspítalans. Þar hafi komið í ljós, að Magnús var beinbrotinn í andliti. Magnús hafi legið á spítalanum til 14. janúar 1978, er hann hafi útskrifast, en honum hafi verið ráðlagt að taka sér hvíld frá störfum næstu tvær vikurnar. Afleiðingar líkamsárásarinnar séu þær, að Magnús búi við skerta örorku.“

III.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Magnús greindi okkur frá því, að hann hefði verið að koma úr Búnað-

arbankahúsinu, Austurstræti 5 hér í borg, en umrætt kvöld hafði banka-
stjórn bankans haldið starfsfólki bankans veislu.

Magnús sagðist hafa verið töluvert ölvaður, en þó vel sjálfbjarga. Hann
sagðist hafa verið búinn að bjóða nokkrum gestum heim og hafa farið að
Bifreiðastöð Steindórs við Hafnarstræti þeirra erinda að fá þar leigubíl.

Hann sagðist hafa farið rakleitt inn á afgreiðslu stöðvarinnar og beðið
þar um leigubíl. Einn afgreiðslumaður hefði verið þar og svarað því til,
að enginn bíll væri á stöðinni og að stöðin væri að loka, og hefði afgreiðslu-
maðurinn síðan óskað eftir því, að hann færi út.

Magnús sagðist ekki hafa tekið eftir því, hvort einhverjir hefðu verið
þarna inni í afgreiðslunni, en vera viss um, að afgreiðslumaðurinn var einn
innan við afgreiðsluborðið.

Magnús sagðist hafa beðið afgreiðslumanninn um að kalla upp bíl og
hafa bent á, að slíkt hefði oft verið gert, er ekki væri bíll á stöðinni.

Þessu næst hefði hann ætlað að fá sér sæti þarna á bekk og bíða, en
afgreiðslumaðurinn hefði þá komið þarna fram í afgreiðsluna og stjakað
honum út úr dyrunum, þó án nokkurra átaka. Magnús sagðist hafa unað
þessu illa, enda hefði hann skipt við bifreiðastöðina í um 30 ár og ávallt
fengið góða þjónustu og ekki átt slíkri afgreiðslu að venjast.

Hefði hann því farið aftur að dyrunum og ætlað inn og verið kominn
í dyragættina, er afgreiðslumaðurinn hefði tekið þar á móti honum og
varnað honum inngöngu og síðan slegið hann hnefahögg beint framan á
andlitið.

Magnús sagðist aldrei hafa slegið til afgreiðslumannsins, enda hefði högg
hans komið nær viðstöðulaust.

Magnús sagðist síðan muna allt mjög óljóst, en þó ráma í, að lögreglu-
menn hefðu verið að ræða við hann og það hefði verið á slysadeild Borgar-
spítala, sem hann myndi eftir því, að lækni var að kanna meiðsl hans og
ræða við hann.

Á slysadeildinni hefði síðan komið í ljós, að sjóngleraugu hans vantaði,
en hann hefði verið með gleraugun, er hann kom á bifreiðastöðina og þegar
afgreiðslumaðurinn lamdi hann.

Magnús sagðist ávalt ganga með sjóngleraugu.

Magnús sagðist síðan eftir myndatöku og skoðanir hafa verið rúmliggj-
andi á slysadeild um nóttina, en morguninn eftir verið fluttur upp á deild
3A á Borgarspítala.

Þar hefðu síðan annast hann lækarnir Daníel Guðnason og Sigurjón
Ólafsson. Einnig hefðu farið fram skoðanir og myndatökur, eftir að hann
kom á deild 3A. Lækarnir hefðu þá sagt honum, að hann væri nefbrotinn,
kinnbeinsbrotinn og kjálkabrotinn. Þá greindi Magnús okkur frá því, að
gert hefði verið við kinnbeinsbrotið, og bar Magnús skurð framan við v.

eyra vegna þeirrar aðgerðar. Þá voru báðir kjálkar hans víraðir saman (tennur), og getur Magnús því einungis neytt fljótandi fæðu.

Magnús sagðist strax um nóttina á slysadeild fengið (sic) mikinn höfuðverk og svo væri enn og höfuð hans væri allt mjög aumt viðkomu. Hann sagðist hafa fengið glóðaraugu á bæði augu og mar hefði verið mikið á vinstri kinn, en þetta væri nú að mestu horfið. Magnús sagði, að eiginkona hans hefði haft samband við Kristján Steindórsson, eiganda og stöðvarstjóra Bifreiðastöðvar Steindórs, og greint honum frá, hvernig komið var.

Hefði Kristján látið leita eftir gleraugum hans og síðan hringt aftur og þá greint konunni frá því, að einungis hefði komið í leitirnar önnur eyrna-spöngin.

Magnús sagðist síðan hafa þekkt þar eyrnaspöng af sínum gleraugum, og afhenti hann spöngina, og mun hún fylgja málinu.

Þá sýndi Magnús fatnað þann, sem hann var í, en það eru jakkaföt og skyrt. Í jakkanum eru tveir litlir blóðblettir, annar í jakkahorni, en hinn á boðungi, og á skyrtu var smávegis blóð á kraga.

Fatnaðurinn var óskemmdur, en nokkuð óhreinn.

Magnús sagðist ekki hafa hlotið neina ytri áverka og væri blóðið sennilega úr nefi hans, enda hefði hann fengið blóðnasir.

Þess skal að lokum getið, að Magnús var útskrifaður af Borgarspítala í morgun, en á að vera sem mest um kyrrt.“

Stefnandi gaf aftur skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. apríl 1978 og tók þá m. a. fram:

„Afgreiðslumaðurinn hann réðist á mig með frekju þarna inni á afgreiðslunni og hrinti mér út úr dyrunum.

Ég kom engum vörnum við og féll þarna á planið, og mig minnti, að ég hefði komist í dyrnar og hann þá lamið mig, en það kann að vera misminni, en allavega man ég örugglega eftir því, að ég reyndi að rísa á fætur, og þá lamdi afgreiðslumaðurinn mig hnefahögg, og eftir það mundi ég ekkert.

Í framburði afgreiðslumannsins kemur fram, að ég hafi lamið hann, og er sú saga hans ósönn með öllu.

Hins vegar kann ég að hafa hangið eitthvað í peysu hans, en ég man bókstaflega ekkert eftir högg hans, eins og ég áðan gat um.“

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 13. október 1980. Skýrði stefnandi þá svo frá:

„Málavaxtalýsingin í stefnu hefur verið lesin upp fyrir mér. Er þar rétt frá greint: Atvikalýsingin í töluðlið 3 á dskj. nr. 4 og t.l. 4.8. hefur verið lesin fyrir mér. Er rétt frá greint þarna. Skýrsla lögregluþjónsins Hauks Ólafssonar á fskj. 1 með dómskj. nr. 4 hefur verið kynnt mér. Ég vil taka fram í því sambandi, að í skýrslunni stendur „lá í götunni“. Nákvæmara

er, að ég lá á stöðvarplaninu skammt fyrir utan dyr afgreiðsluhúss Bifreiða-stöðvar Steindórs. Þá segir í skýrslunni: „Magnús var ekki viðræðuhæfur um áðurnefndan atburð sökum ölvunar“. Ég tel, að afleiðingar árásarinnar hafi verið þær, að ég hafi misst meðvitund og verið mjög illa á mig kominn sem afleiðingar af árásinni. Megi ekki síður rekja hæfileikaskort minn til þess að ræða um atburðinn við lögreglumennina til þessa. Skýrsla mín fyrir rannsóknarlögreglu 14.1 1978 hefur verið lesin upp í réttinum. Rétt er frá greint í skýrslu þesari. Skýrslur vitnanna Kristbjargar Clausen og Bryndísar Hilmarsdóttur hafa verið lesnar upp fyrir mér. Ég geri ekki athugasemdir við skýrslur stúlkanna. Ég vil taka fram í því sambandi, að ég tel, að ég hafi verið í góðu skapi og ekki sýnt afgreiðslumanninum áreitni. Skýrsla sú, sem ég gaf á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar 18.4 1978, er rétt. Skýrsla stefnda fyrir rannsóknarlögreglu 24.1. 1978 hefur verið lesin upp. Ég mótmæli því sem alröngu, að ég hafi barið eða reynt að berja stefnda, svo sem stefndi vill vera láta. Heilsufar mitt, hvað varðar afleiðingar af árásinni, eru óbreyttar (sic) miðað við þær lýsingar, sem lesnar voru upp í þinghaldinu hér að framan, en dofatilfinningin, sem ég hefi ennþá í vinstra hluta andlitsins, er þó ekki eins slæm og fyrstu mánuðina eftir slysið. Ég hélt föstum launum mínum hjá Búnaðarbanka Íslands að fullu í veikindum mínum, en hvorki aukastörf gat ég unnið né önnur störf eftir slysið.“

Stefndi gaf fyrst skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 7. janúar 1978, og var þá fært til bókar:

„Hann skýrði svo frá, að Magnús hefði komið inn á stöðina, áberandi ölvaður, til þess að fá leigubifreið. Þar sem engin bifreið hafði verið við hendina, kvaðst Ægir hafa beðið Magnús um að fá sér sæti inni á stöðinni og bíða. Í þess stað hefði Magnús ætt um stöðina með miklum fyrirgangi og hávaða. Að endingu og eftir ítrekuð tilmæli um að hafa sig hljóðan kvaðst Ægir hafa orðið að vísa Magnúsi á dyr, þar sem enginn vinnufriður hefði verið sökum drykkjuláta Magnúsar.

Ægir kvaðst hafa orðið að láta Magnús út af stöðinni með valdi. Þegar út var komið, hefði Magnús tekið á móti honum, og kvaðst Ægir þá hafa slegið Magnús tvö högg í andlitið og við seinna höggið hefði Magnús fallið í götuna. Kvaðst Ægir síðan hafa kallað á lögregluna.“

Stefndi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 24. janúar 1978 og skýrði þá m. a. svo frá:

„Klukkan mun hafa verið langt gengin í eitt, þegar þarna inn á afgreiðslu stöðvarinnar kom mikið ölvaður maður.

Rétt áður höfðu komið inn tveir unglingar, sem ég taldi, að væru piltur og stúlka. Þau höfðu beðið um bíl, og ég sagði þeim, að enginn bíll væri laus, og bauð þeim að fá sér sæti og bíða næsta bíls, sem og þau gerðu.

Maðurinn, sem inn kom, heimtaði strax bíl, og er ég sagði honum, að

egninn bíll væri laus og fólk, sem ætti næsta bíl, sem kæmi, væri á stöðinni, þá var maðurinn með frekju og hávaða og heimtaði, að ég kallaði strax upp bíl, enda væri hann búinn að skipta við stöðina í 30 ár.

Ég sagði manninum, að ég gæti ekki töfrað fram bíl handa honum og hann yrði að bíða eins og aðrir.

Þessu vildi maðurinn ekki una og var með hávaða. Þarna hringdi hjá mér síminn, og vegna hávaða í manninum, þá heyrði ég ekki í þeim, sem hafði hringt, og það ég því manninn um að hafa lægra, og er hann ekki sinnti því, þá ítrekaði ég ummæli mín og það oftast en einu sinni, enda heyrði ég heldur ekki í talstöðinni það, sem bifreiðastjórnir voru að segja.

Þegar maðurinn ekki vildi hluta á orð mín, þá það ég hann um að fara út, enda væri ekki vinnufriður vegna hans.

Hann hló að þessum orðum mínum og sagði, að þessi orð mín væru ærin mögðun við hann sem þekktan viðskiptavin. Maðurinn kynnti sig aldrei, og ekki þekkti ég manninn.

Þegar maðurinn síðan neitaði að fara út þrátt fyrir ítrekun mína, þá sagði ég honum, að ég yrði þá að hjálpa honum á dyr.

Maðurinn fór þó ekki þrátt fyrir þessa hótun mína, og að endingu fór ég fram á afgreiðsluna og hugði ég, að það nægði, til þess að maðurinn færi út.

Maðurinn vildi þá heldur ekki láta að orðum mínum. Endaði þetta síðan með því, að ég tók í aðra öxl, eða réttara sagt í vinstri upphandlegg hans, og opnaði um leið dyrnar, en maðurinn stóð þá fyrir framan afgreiðsluborðið.

Hann streittist ekki á móti, en var máttlaus sökum mikillar ölvunar. Það gekk því átakalaust að setja hann út, en um leið og hann kom út úr dyrunum, féll hann við, sennilega annað hvort í hálku eða þá um þröskuldinn. Ég hékk í handlegg mannsins, er hann féll, og ætlaði með því að draga úr fallinu, en hinni hendinni hélt ég í hurðina.

Maðurinn féll á bakhlutann og kom fyrst niður á rasshlutann og féll síðan endilangur.

Ég fór síðan út og ætlaði að hjálpa manninum á fætur, en þá greip hann í ermina á peysu, sem ég var í, og lamdi síðan til mín, og hitti högg hans á brjóst mitt.

Hann lamdi síðan til mín nokkrum höggum, sem lentu á brjósti mínu, en hefðu lent á höfði mínu, hefði ég ekki vikið mér undan. Þegar hann náði í peysuermina, þá dró hann mig úr erminni, er ég ætlaði að losa mig.

Það var hægri ermin. Þegar maðurinn þarna hékk í mér og var búinn að slá til mín, þá lamdi ég hann laust hnefahögg með hægri hendi, og lenti það högg mitt á vinstri vanga hans, og er hann ekki hætti höggunum til mín, þá sló ég hann annað hnefahögg með hægri hendi, og lenti það högg

einnig á vinstri vanga hans, og var þetta högg mitt fastara en hið fyrra. Við þetta högg virtist hann vankast, og ég losnaði úr taki hans á peysuerm-inni.

Eftir þetta fór ég inn á stöðina og hringdi á lögregluna, en maðurinn lá þá á planinu. Ég tók eftir því, að er maðurinn kom inn og er ég setti hann út, þá var hann með gleraugu á andlitinu, en er hann hékk í mér, áður en ég sló til hans, voru gleraugun ekki á andliti hans.

Lögreglan kom síðan fljótlega, og ég fylgdist með manningnum og sá, að hann hreyfði sig, og ég sá lögregluþjónana síðan hjálpa manningnum á fætur og leiða hann inn í Landrover jeppa, sem þeir þarna komu á.

Þeir spurðu mig síðan, hvað hefði skeð, og kemur það fram í skýrslu lögreglunnar það, sem mér og lögreglunni fór í milli. Fólkið, sem ég talaði um, að komið hefði inn á stöðina á undan manningnum, var þarna inni, er ég setti manninn út, en ég tók ekki eftir því, eftir að lögreglan kom, en það var þarna inni, er ég kom inn og hringdi á lögregluna.

Ég þurfti að sinna síma og talstöð, á meðan ég beið komu lögreglunnar, en fólkið hefur þá farið út, án þess að ég tæki eftir. Ég fylgdist þó með manningnum á meðan, eða eins og ég gat.

Ég vil ekkert um það segja, hvort maðurinn hefur hlotið meiðsl sín öll af höggum mínum, og hyggist maðurinn gera fébótakröfur á hendur mér, þá mun ég tjá mig um þá hlið málsins, er þar að kemur, en ég vil, að það komi hér fram, að ég tel, að ég hafi verið að verja mig, enda barði maðurinn til mín oftsinnis.

Ég vil og, að það komi hér fram, að ég var þarna einn á vaktinni, og tel, að ég hafi verið að gæta hagsmuna stöðvarinnar, og vil þá benda á, að hefði ég t. d. orðið fyrir höggum eða meiðslum, þá hefði stöðin orðið mannlau, og í því sambandi vil ég benda á, að þarna voru þá geymdir inni miklir fjármunir, bæði í verðmætum og nokkur hundruð þúsund krónur í peningakassa.“

Höfðað var refsímál á hendur stefnda fyrir sakadómi Reykjavíkur. Stefndi gaf skýrslu fyrir sakadóminum 24. september 1980. Var þá m. a. fært til bókar:

„Kveðst ákærði kannast við að hafa slegið Magnús Friðrik, en Magnús Friðrik hafi fyrst slegið sig mörg högg, þó ekki í andlitið. Ákærði segir, að maðurinn hafi að vísu beint hnefahöggum að andliti sínu, en ákærði hafi getað vikið sér þannig undan, að þau hafi aðeins komið á brjóst og axlir ákærða. Ákærði kveðst hafa slegið manninn tvö högg, fyrst laust hnefahögg í andlitið til að sýna manningnum, að fleiri gætu rétt út höndina en hann, og síðan þungt hnefahögg á sama stað, og lyppaðist þá maðurinn niður. Ákærði segir, að maðurinn hafi verið allölvaður og hann hafi verið með frekju og hávaða, svo að ákærði gat ekki unnið sín störf, þar sem

hann heyrði hvorki í símanum né talstöðinni. Maðurinn vildi fá leigubifreið. Ákærði sagði honum, að bill væri ekki tiltækur, og jafnframt að þar, sem þarna var, væri á undan í röðinni. Maðurinn kvaðst vera fastur viðskiptavinur og vilja fá bíl á stundinni. Ákærði sagði manningnum að seltjast á bekk og bíða, þar til röðin kæmi að honum. Ekki vildi maðurinn það. Ákærði bað þá manningnum að ganga út fyrir, svo að hann hefði vinnufrið. Maðurinn neitaði að ganga út. Ákærði kvaðst þá mundi hjálpa honum við það. Maðurinn sagði þá, að ákærði skyldi reyna það. Ákærði fór þá fram fyrir afgreiðsluborðið og átti eins von á, að maðurinn mundi stimpast á móti. Svo reyndist ekki vera, og tókst ákærða að koma manningnum átaka-laust í dyragættina. Þar missti maðurinn fótana, en ekki veit ákærði, hvort hann datt um þröskuldinn eða hann datt á hálku. Ákærði hjálpaði manningnum á fætur, en þá réðst maðurinn á hann, og í framhaldi af því urðu framangreind handalögmál.“

Dómur var kveðinn upp í máli stefnda í sakadómi Reykjavíkur 11. desember 1980. Var hann dæmdur til að sæta varðhaldi í 15 daga og greiða kr. 300.000 í sekt til ríkissjóðs. „Fullnustu refsivistarinnar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.“ Þá var stefndi dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Vitnið Bryndís Hilmarsdóttir, sem stödd var í afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar, þegar umræddur atburður átti sér stað, gaf skýrslu hjá rannsóknar-lögreglunni 19. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Við höfðum rétt tekið okkur sæti, er þarna inn kom fullorðinn maður. Hann var mjög ölvaður og snéri hann sér strax að afgreiðslumanninum og bað um bíl. Ég heyrði manningnum segja við afgreiðslumanninn. „Nú er ég fullur og vil komast strax heim.“ Ölvaði maðurinn var ekki með nein læti, en nokkuð hávær. Ég heyrði afgreiðslumanninn segja honum, að enginn bill væri laus og að hann yrði að vera rólegur og taka sér sæti og bíða. Ölvaði maðurinn fór þá eitthvað að tala um, að hann væri búinn að skipta við stöðina í 30 ára, og heyrði ég síðan afgreiðslumanninn segja við manningnum, að hann truflaði starf hans, og síðan talaði afgreiðslumaðurinn um, að henda honum út.

Ölvaði maðurinn sagði þá eitthvað í þá áttina, að það skyldi hann reyna, og ég heyrði afgreiðslumanninn þá tala um, að hann mundi láta verða af því að henda honum út.

Strax á eftir kom afgreiðslumaðurinn fram á afgreiðsluna, og var ölvaði maðurinn þá standandi, en hallaði sér upp að afgreiðsluborðinu. Ég sá þá, að ölvaði maðurinn var með gleraugu.

Afgreiðslumaðurinn tók í aðra öxl þess ölvaða og kippti honum fyrst

frá borðinu og henti honum síðan út úr dyrunum, en afgreiðslumaðurinn opnaði dyrnar með annarri hendi, en hélt í öxl mannsins á meðan. Ég sá, að maðurinn féll beint út úr dyrunum og skall á hnakkann þarna á planið, nærri beint fram af dyrunum. Afgreiðslumaðurinn fór út á eftir manninum, og ég sá hann fara út úr dyrunum.

Ég sat á bekk þarna, á meðan þetta gerðist, en þetta gerðist allt mjög snögg. Ég sá í fætur mannsins liggjandi á planinu, þaðan sem ég sat, og stóð þá upp og fór út að glugganum, en afgreiðslumaðurinn lokaði dyrunum, eða þær lokuðust, er hann síðan fór út.

Er ég kom út að glugganum, þá sá ég afgreiðslumanninn bogra yfir manninum, og ég sá afgreiðslumanninn reiða upp hægri hönd, eins og hann ætlaði að slá manninn, en ég þorði ekki að horfa upp á slíkt og leit undan. Ég sá afgreiðslumanninn því ekki slá ölvaða manninn, en allavega var hann með þessa tilburði. Afgreiðslumaðurinn snéri bakhlutanum að mér og þó meira hægri hliðinni.

Afgreiðslumaðurinn kom fljótlega inn aftur, og ég sá þá, að hann lagaði eitthvað á sér peysuna en fór síðan í símann og hringdi.

Rétt á eftir kom þarna lögregla, en Kristbjörg hafði spurt manninn, hvort hann ætlaði ekki að hringja á lögregluna, og sagðist hann vera búinn að hringja.

Við vorum þarna úti, þegar lögreglan kom, og við sáum, að lögreglan hjálpaði manninum að standa á fætur, en hann var liggjandi, er lögreglan kom.

Maðurinn lá á planinu, er við komum út, og lá þá á bakinu.

Við gáfum okkur ekki fram við lögregluna þarna á staðnum, en ég sagði frá þessu heima, og eftir það snérum við okkur til lögreglunnar.

Ég tók eftir því, að annað auga mannsins var blóðugt, eða allavega var blóð á andliti hans, þar sem hann lá. Mér fannst þarna inni, er mennirirínir áttu í orðaskiptum, að ölvaði maðurinn væri með ölvunarrugl, en afgreiðslumaðurinn fannst mér verða æstur og hortugur við manninn, og ég man, að hann sagði við þann ölvaða höstuglega að þegja. Ég er viss um, að ölvaði maðurinn tók aldrei á móti afgreiðslumanninum. Hann streittist aðeins á móti þarna inni, er afgreiðslumaðurinn var að henda honum út, og ég sá hann falla í planið, er hann kom út úr dyrunum. Ég tók eftir því, að gleraugun voru ekki á andliti mannsins, þar sem hann lá á planinu.“

Vitnið Kristbjörg Clausen gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 19. janúar 1978. Var þá m. a. fært til bókar:

„Við vorum rétt búnar að taka okkur sæti þarna á bekk, er inn kom ölvaður maður. Maðurinn snéri sér strax að afgreiðslumanninum og bað um bíl, og ég heyrði ölvaða manninn tala um, að nú væri hann fullur og vildi komast strax heim.

Afgreiðslumaðurinn sagði honum, að enginn bíll væri laus, og heyrði ég hann segja við manninn, að hann yrði að bíða.

Ölvaði maðurinn fór þá að tala um, að hann væri búinn að skipta við stöðina í 30 ár og vildi fá bíl strax, en þá sagði afgreiðslumaðurinn eitthvað á þá leið, að hann hefði ekki vinnufrið fyrir manninum sökum hávaða, og ég heyrði afgreiðslumanninn segja manninum að þegja og vera rólegum.

Þeim fór síðan eitthvað á milli, og ég heyrði afgreiðslumanninn segja, að hann myndi henda þeim ölvaða á dyr, en sá ölvaði sagði, að það skyldi hann sko reyna.

Afgreiðslumaðurinn kom síðan þarna framfyrir, og þá stóð maðurinn við afgreiðsluborðið og hallaði sér þar upp að.

Ég sá afgreiðslumanninn opna dyrnar með annarri hendinni, en þrífa í þann ölvaða með hinni og kippa honum fyrst frá borðinu og síðan henda honum út úr dyrunum.

Ölvaði maðurinn streitttist smávegis á móti, en sökum ölvunar hafði hann ekkert vald yfir hreyfingum sínum. Ég sá, að ölvaði maðurinn féll beint út úr dyrunum og niður á planið, og hann kom niður á bakhlutann.

Ég sat, er þetta skeði, og sá þetta greinilega út um dyrnar, sem voru opnar þá, en afgreiðslumaðurinn fór út á eftir manninum, og dyrnar lokuðust þá á eftir honum.

Ég sá síðan ekki, hvað gerðist þarna úti, en Bryndís fór út að glugga, og hún talaði um, að afgreiðslumaðurinn hefði verið með tilburði til að lemja manninn liggjandi.

Ég sá síðan, að afgreiðslumaðurinn kom aftur inn, og hann var þá eitthvað að laga á sér peysuna, og held ég, að hann hafi þá verið kominn úr annarri erminni, allavega sá ég hann klæða sig í aðra ermina, eftir að inn kom.

Hann fór síðan í símann, og eftir þetta fórum við út.

Maðurinn lá þá á bakinu þarna á planinu, og ég sá, að blóð var á andliti hans. Ég spurði þá afgreiðslumanninn, hvort hann ætlaði ekki að hringja í lögregluna, og sagðist hann vera búinn að hringja, og rétt á eftir kom lögreglan. Ég sá manninn ekki hreyfa sig þarna á planinu. Ég tók eftir, að maðurinn var ekki með gleraugu á andlitinu, en hann var með gleraugu, er hann kom inn.“

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu sína í sakadómi 20. nóvember 1980.

IV.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að augljóst sé, að stefndi beri alla sök á tjóni stefnanda með ólögmætri og saknæmri árás á hann hinn 7. janúar 1978. Stefndi eigi að svara stefnanda bótum samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sbr. og 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er á það lögð áhersla, að stefndi hafi viðurkennt brot sitt, skýrsla stefnanda og vætti vitna gefi næga sönnun um brotið og stefndi hafi með dómi sakadóms verið dæmdur til refsingar fyrir brotið.

Af hálfu stefnanda er öllum varnarástæðum stefnda andmælt sem röngum og þýðingarlausum og tilvitnunum lögmanns stefnda til einstakra lagagreina mótmælt, enda eigi lagagreinar þessar ekki við, svo sem hér standi á.

Stefnandi hafi að vísu verið við skál, en framkoma hans hafi ekki gefið stefnda ástæðu til svo mikilla harðræða sem stefndi beitti stefnanda. Stefndi hafi og ekki sannað neitt það á stefnanda, sem leitt geti til sakarskiptingar í málinu. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

V.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi unnið sér mjög til óhelgi í umrætt sinn og raunar átt sjálfur frumkvæði að átökum, þannig að ákvæði 13. kapitula Jónsbókar kunni að eiga við tilvikið, þ. e. um fangbrögð og skinnþrátt. Enn fremur kenningar bótaréttarins um áhættutöku. Stefnandi hafi verið á almannafæri og rofið almannareglu og ákvæði lögreglusamþykktar um ölvun og óspektir. Stefndi hafi verið einn við gæslu og hafi framferði hans helgast m. a. af neyðarréttarsjónarmiðum og neyðarvörn. Þá komi sakarskiptingarsjónarmið mjög til álita í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi í nefnt sinn verið mjög ölvaður og brotið 123. gr. almennra hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga. Þá hafi hann neitað að yfirgefa afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar þrátt fyrir áskoranir stefnda. Þar með hafi hann brotið gegn 231. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi hafi verið upphafsmaður að þeim illindum, sem upp hafi komið þarna, með framferði sínu. Verði stefnandi því að bera meiri hluta tjóns síns sjálfur. Stefndi hafi ekki ætlað að vinna stefnanda tjón, þó að svona hafi til tekist, en í reynd sé ósannað, hvaða afleiðingar hnefahögg stefnda hafi valdið.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt.

VI.

Stefnandi, sem tekið hafði þátt í veisluhöldum í húsi, sem er skammt frá Bifreiðastöð Steindórs, fór gagngert á bifreiðastöðina að fá leigða leigubifreið til að aka sér og samferðafólki heim til sín. Þetta var á laugardagskvöldi, og mun stefnandi hafa komið á bifreiðastöðina laust upp úr miðnætti. Á þeim tíma er oft erfitt að fá leigubíla. Stefnandi var að vísu allmikið undir áhrifum áfengis og mun hafa leitað fast eftir því, að afgreiðslumaðurinn, stefndi í máli þessu, útvegaði bíl án undandrátta. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi þó ekki sannað, að háttsemi stefnanda inni

á bifreiðastöðinni hafi verið með þeim hætti, að nauðsyn hafi borið til að vísa stefnanda á brott úr afgreiðslunni. En jafnvel þótt stefnandi hefði unnið sér til óhelgi í vistarverum stöðvarinnar, gaf það stefnda engan veginn tilefni til slíkra harðræða, sem hann beitti stefnanda. Telja verður nægjanlega sannað, að stefnandi hafi fallið á stæðið utan dyra af ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á. Einnig er í ljós leitt, að stefndi sló stefnanda tvö högg. Verður að líta svo á, að þau lemskur, sem stefnandi varð fyrir í nefnt sinn, séu alfarið á ábyrgð stefnda, enda er ósannað, að framkoma stefnanda hafi, eftir að út var komið, verið með þeim hætti, að til nokkurrar sakarskiptingar eigi að koma. Ber stefndi því óskoraða fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir í nefnt sinn.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1. Örorkutjón	kr. 7.962.000
2. Gleraugu	— 45.415
3. Viðgerð á tönnum	— 582.000
4. Miski	— 600.000
Samtals	kr. 9.189.415
Til frádráttar komi	— 2.358.290
Eftir verða því	— 6.831.125

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða.

Um 1. kröfulið.

Björn Öundurson læknir hefur í álitsgerð, sem dagsett er 23. október 1979, metið örorku stefnanda. Í niðurlagi álitsgerðarinnar segir svo:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum h. 7. 9. '79. Honum segist frá atburðum og afleiðingum slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði kvartar um stöðugt nefrennsli, dofa yfir vi. kinnbeini og vi. hlið efri góms, þar með tönnum, svo og vi. hluta tungu, bitskekkju, sem hann segist þola ákaflega illa og eiga bágð með að tyggja af þeim sökum. Þá finnst honum eins og korn sé í vi. auga, einkum ef hann les mikið. Lítið bragðskyn er í vi. hluta munnhols, og kemur þetta mjög greinilega í ljós, ef slasaði er úti í kulda. Suða er fyrir vi. eyra, en ekki höfuðverkur. Þá segist slasaði eiga vanda til að fá svima yfir höfuð, sem ekki hafi borið á fyrir áðurnefnt slys. Versta telur hann þó gleymsku, sem sé orðin áberandi, en hafi ekki verið svo, áður en áðurnefnt slys átti sér stað.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 58 ára gamlan lögfræðing, sem hinn 7. 1. '78 varð fyrir árás, er hann var að leita eftir að fá leigubíl. Slasaði var barinn þungum höggum í andlitið og mun hafa misst meðvitund. Við

komu á slysadeild er slasaði mjög bólginn í andliti, talsverð blæðing var frá nefholum, og hann var með glóðarauga báðum megin, einkum var glóð-
 araugað við megin áberandi. Þá hlaut slasaði brot á við kinnbeinsboga, hlið-
 arvegg efri kjálkans, þar sem sjúlkingur var tvíbrottinn, svo og framvegg
 efri kjálkans, sem var brottinn á einum stað. Auk þess voru nefbein brotin
 og hálsinn á neðri kjálka við megin. Talsverð skekkja var á öllum þesum
 brotstöðum. Vegna áðurnefndra brota var framkvæmd skurðaðgerð á
 Háls-, nef- og eyrnad. Borgarspítalans h. 10. 1. 1978. Slasaði var þannig
 vistaður á Borgarspítalanum frá slysdegi 7. 1. '78 til 14. 1. '78, en eftir
 það var hann til eftirlits hjá læknum deildarinnar um sinn.

Alveg óvinnufær var slasaði talinn hafa verið vegna áðurnefnds slyss í
 um tvo mánuði, eftir það var starfsgeta slasaða töluvert skert í 3 mánuði,
 og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða. Eins og áður er fram kom-
 ið, telur slasaði, að minni hans sé nú mjög skert, en svo hafi ekki verið
 fyrir áðurnefnt slys. Þá kvartar slasaði yfir dofa yfir við kinnbeini og í
 vinstri hlið efri góms, þar með tönnum, svo og vinstri hluta tungu. Segir
 hann þessa tilfinningu afskaplega óþægilega. Þá er bragðskyn verulega
 minnkað í vinstri hluta munnhols. Einnig kvartar slasaði um óþægindi í
 vinstra auga, eins og það sé korn í auganu, einkum ef hann þreytist. Þá
 segist slasaði iðulega fá svimakennd og suðu fyrir vinstra eyra, en ekki hef-
 ur borið á höfuðverk nú í seinni tíð. Við skoðun kemur fram, að nokkur
 bitskekkja er fyrir hendi hjá slasaða.

Líklegt verður að teljast, að slasaði hafi auk áðurnefndra brota hlotið
 heilahristing í áðurnefndri árás. Þá tekur slasaði og fram, að hann hafi
 óþægindi og jafnvel verk í kjálkaliðum. Ekki er útilokað, að slitgigtarbreyt-
 ingar geti komið fram í kjálkaliðum slasaða vegna þeirrar skekkju, sem
 fyrir hendi er. Þá verður að telja líklegt, að óþægindi þau, er slasaði hefur
 nú, þ. e. dofakennd í efra góm og kinnbeini, svo og skert bragðskyn í
 vinstri hluta munnhols, nefrennsli og óþægindi í vinstra auga stafi af áður-
 nefndu slysi. Ekki er líklegt, að frekari bati fáið á áðurnefndum einkennum
 úr því sem komið er. Ekki leikur vafi á, að áðurnefnd einkenni munu skerða
 starfskrafta slasaða á komandi tíð, og ekki er líklegt, að úr þeim rætist,
 fremur mætti gera ráð fyrir, að sum þeirra versnuðu, svo sem óþægindi
 frá kjálkalið og ef til vil höfuðeinkenni.

Þar sem ekki þykir nú líklegt, að um frekari bata á afleiðingum áður-
 nefnds slyss verði hér eftir að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu
 og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss,
 og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 2 mánuði 100%

eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda í álitserð, sem dagsett er 20. nóvember 1979. Þar segir svo:

„Magnús F. Árnason varð fyrir slysi 7. janúar 1978 og slasaðist í andliti. Hann er fæddur 5. júní 1921 og hefur því verið 56 ára á lysdegi.

Björn Önundarson, læknir, hefur í örorkumati, dags. 23. október 1979, metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 2 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	10%

Magnús er lögfræðingur og starfar aðallega hjá Búnaðarbanka Íslands. Vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið voru samkvæmt skattframtölum:

	Laun	Aðrar tekjur	Alls
Árið 1975	1.677.797	55.000	1.732.797
Árið 1976	1.989.397	58.000	2.047.397
Árið 1977	3.705.315	85.000	3.790.315

Tekjurnar eru um 30% hærri en meðaltekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna sömu ár samkvæmt úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunar. Ég hef umreiknað þær vegna kaupbreytinga, og koma þá út árstekjur kr. 8.128.000 miðað við kaupgjald, eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og með því að gera ráð fyrir, að tekjutap sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, er áætlun um tekjur og tekjutap sem hér segir:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	4.994.000	1.583.000
2. árið eftir slysið	6.976.000	698.000
Síðan árlega	8.128.000	813.000

Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 1.237.000
Vegna varanlegrar örorku	kr. 4.579.000
Samtals	kr. 5.816.000

Við útreikning höfuðstólsandvirðis eru notaðir 13% ársvextir, dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951 - 1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til launa í veikindaforföllum eða skatta.“

Tryggingafræðingurinn endurreiknaði tjón stefnanda 21. október 1980 vegna breytinga á launatöxtum, frá því að fyrri útreikningur var gerður. Niðurstaða þess útreiknings varð þessi:

„Höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 1.237.000
Vegna varanlegarar örorku	kr. 6.725.000
Samtals	kr. 7.962.000“

Stefnandi fékk þann 14. mars 1980 greiddar kr. 1.500.000 í bætur frá Brunabótafélagi Íslands og auk þess vexti frá 7. janúar 1978 til 14. mars 1980 að fjárhæð kr. 711.290, eða alls kr. 2.211.290. Varðandi þá greiðslu tók tryggingafræðingurinn fram:

„Greiðsla að fjárhæð kr. 2.211.290 þann 14. mars 1980 reiknast mér jafngilda sem næst kr. 2.379.000 nú (17. október 1980). Þá eru eingöngu notaðir 13% ársvextir til að færa greiðsluna til í tíma, enda er það í samræmi við útreikning tjónsins. Á sama hátt jafngildir hin tiltekna greiðsla kr. 1.686.000 á slysdegi.“

Af hálfu stefnda er fjárhæð 1. kröfuliðsins, kr. 7.962.000 fyrir örorku-tjón, andmælt sem allt of hárrí. Er því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi ekki misst neins í launum sínum og hann hafi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna tímabundinnar örorku. Þrátt fyrir áskoranir hafi stefnandi ekki gert minnstu tilraun til að rökstyðja atvinnutjón fimm fyrstu mánuðina eftir slysið. Þá beri að lækka þennan bóталиð samkvæmt dómvenju vegna eingreiðslu og skattfrelsis bóttanna.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafði stefnandi aukatekjur umfram föst laun sem hér segir: 1974 „ýmsar tekjur kr. 45.000“, 1975 „Fyrir lögfr. störf og fl. kr. 55.000“, 1976 „Ýmislegt kr. 58.000.“, 1977 „Ýmsar tekjur“ kr. 85.000“ og 1978, árið, sem stefnandi slasaðist, „ýmislegt kr. 110.000.“

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni, sem neinu verulegu nemi vegna tímabundinnar örorku. Verður sá liður 1. kröfuliðs því ekki tekinn til greina.

Bætur fyrir varanlega örorku, en stefndi hefur ekki hnekkst örorkumatínu, þykja hæfilega ákveðnar kr. 4.700.000. Verður 1. kröfuliður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

Um 2. kröfulið.

Stefnandi missti gleraugu sín í átökunum. Ber stefnda að bæta stefnanda andvirði gleraugna. Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu með kr. 45.415.

Um 3. kröfulið.

Í vottorði Birgis Jóh. Jóhannssonar tannlæknis, dagsettu 11. maí 1979, segir svo:

„4. október 1978 kom til mín á stofuna Magnús Árnason, lögfr., Hraun-
teig 26, Rvík. Magnús hefir verið sjúklingur á stofu minni frá árinu 1966
og gengið reglulega til mín vegna tanna sinna. 6. janúar 1978 kvaðst Magn-
ús hafa lent í slysi, og m. a. hafði efri kjálki Magnúsar brotnað, og notið
meðhöndlunar á Borgarspítalanum. Er hann kom til mín 4. okt. 1978, var
um verulega bitskekkju að ræða hjá Magnúsi, svo að stálgómur, er hann
hefir í efri góm, er óvirkur, og þarf að smíða nýjan stálgóm. Einnig þurfti
að smíða tvær nýjar „Facettukrónur“ á + 1,2 í efri góm vegna bitskekkj-
unnar. Kostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður kr. 350.000.-.“

Í vottorði sama tannlæknis, dagsettu 11. nóvember 1980 kemur þetta m.
a. fram:

„1. Magnús gekk til mín á stofuna frá 4. okt. 1978 - 30. nóv. 1978,
og gerði ég eftirfarandi lækningar á tönnum hans: Fylling var sett í + 3
— smíðaðar voru facettu krónur á + 1,2, í efri góm - einnig var vottorð
úttefið 11. maí 1979.

2. Kostnaður við þessar aðgerðir var kr. 258.100.00.

3. Magnús á eftir að fá stálpert (gerfigóm) í efri góm.

4. Kostnaður við þá aðgerð verður kr. 323.900.00.“

Telja verður, að stefnandi hafi sannað nægjanlega, að framangreindur
kostnaður, kr. 582.000, sé tjón, sem rekja megi til átaka þeirra, sem málið
snýst um og stefndi ber ábyrgð á. Verður þessi kröfuliður því tekinn til
greina að fullu.

Um 4. kröfulið.

Í vottorði Daniels Guðnasonar, læknis á Borgarspítalanum, dagsettu 26.
mars 1979, segir m. a.:

„Var sjúklingur strax fluttur á Slysadeild Borgarspítalans, en þar sem
hann var nokkuð við skál við komu á spítalann, var hann látinn jafna sig
í hvíldarklefa á Slysadeild þá um nóttina. Áður hafði verið tekin röntgen-

mynd af andlitsbeinum, og kom þá í ljós, að hann var með brot á vi. efri kjálka og vi. kinnbeini með talsverðri skekkju á brotstöðunum. Einnig var neðri kjálkinn brotinn vi. megin, nokkru neðan við kjálkaliðinn.

Við komu á Slysadeild er sjúklingur mjög bólginn í andliti, talsverð blæðing frá nefholum, og hann er með glóðarauga, einkum vi. megin. Við þreifingu á andliti kemur í ljós, að um greinileg brot er að ræða neðan við vi. auga svo og á vi. kinnbeini. Einnig var hann mjög aumur við áþreifingu á neðri kjálka vi. megin.

Eftir að sjúklingur hafði jafnað sig nokkuð, voru teknar fullkomnar röntgenmyndir, er sýndu, eins og fyrr segir, brot á vi. kinnbeinsboga, hliðarvegg efri kjálkans, þar sem sjúklingur er tvíbrotinn, svo og framvegg efri kjálkans, sem brotinn er á einum stað. Auk þess eru nefbeinin brotin og hálsinn á neðri kjálkanum vi. megin. Talsverð skekkja er á öllum þessum brotum.

Þann 10.01.78 var svo gerð aðgerð á brotum þessum í svæfingu og færð í réttar skorður. Þurfti að gera skurð framan og ofan við vi. eyra til að komast að brotstöðunum. Einnig voru tennur sjúklings víraðar saman til að halda brotinu á neðri kjálka í réttum skorðum, og framkvæmdi Sigurjón H. Ólafsson tannlæknir þá aðgerð.

Sjúklingur lá síðan hér næstu 4 daga eftir aðgerðina og útskrifaðist þann 14.01.78, var þá liðan sjúklings nokkuð góð eftir atvikum, en honum er ráðlagt að taka sér hvíld frá störfum næstu 2 vikurnar.

Sjúklingur kom síðan til eftirlits viku eftir útskrift, og þá voru saumar fjarlægðir úr skurðsárinu framan við eyrað. Liðan sjúklings var þá góð eftir atvikum, og brotin á andlitsbeinum virtust hafa lagst í réttar skorður. Nokkur þrenging er þó á vi. nös vegna skekkju á miðsnesi. Sjúklingur var þá ennþá með tennur víraðar saman, en átti að fara til Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis vegna þessa þann sama dag.

Sjúklingur kemur síðan til undirritaðs aftur 19.02.79 til lokaskoðunar vegna vottorðs.

Að sögn sjúklings finnur hann alltaf fyrir dofatilfinningu vi. megin í efri góm og vi. kinn eftir áðurnefnt slys. Einnig telur hann, að bragðskyn vi. megin á tungu sé mun minna en hæ. megin. Auk þessa finnst honum bitið ekki passa og vera skakkt, og hann hefur kvartað um verki í kjálkaliðum, einkum vi. megin, svo og stirðleika við hreyfingar.

Að öðru leyti er heilsufar sjúklings eftir atvikum gott. Gera verður ráð fyrir, að áðurnefnd óþægindi sjúklings, svo sem dofatilfinningin í efri góm og kinninni ásamt bitskekkjunni og verkjunum í kjálkaliðunum, séu í beinu sambandi við áðurnefnt slys. Að álitu undirritaðs munu ekki vera miklar líkur á, að þessi einkenni batni mikið úr þessu.“

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárrí.

Með hliðsjón af þeim miklu óþægindum, sem stefnandi hefur þegar haft sem afleiðingu af þeim miklu áverkum, sem hann hlaut og stefndi ber ábyrgð á, þykir miskabótakröfu stefnanda í hóf stillt. Verður miskabótakrafa hans að fjárhæð kr. 600.000 því tekin til greina.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, eru kröfur stefnanda samkvæmt kröfuliðum 1—4 teknar til greina með kr. 5.927.415 (4.700.000 + 45.415 + 582.000 + 600.000). Til frádráttar koma kr. 2.358.290 vegna greiðslu frá Brunabótafélagi Íslands, sem hafði ábyrgðartryggt atvinnurekanda stefnda. Eftir standa þá kr. 3.569.125, sem stefnda ber að greiða stefnanda ásamt vöxtum, sem með hliðsjón af dómvenju og með skírskotan til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 skulu reiknast þannig: 16% ársvextir frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað. Stefnandi hefur lagt fram neðangreint yfirlit yfir útlagðan kostnað, sem hann telur, að taka eigi með við ákvörðun málskostnaðar í málinu.

Örorkumat	kr. 56.500
Örorkutjónsútreikningur	— 45.000
Örorkutjónsútreikningur	— 40.000
Löghald	— 50.200
Þinglýsing og stimplun löghalds	— 71.000
Endurrit löghalds	— 2.900
Bílkostnaður	— 2.000
Skattframtal	— 3.000
Stefnuútgáfa	— 800
Stefnubirting	— 2.800
Þingfesting	— 9.600
Myndritun	— 62.350
Endurrit og vottagjöld	— 2.100
Samtals	kr. 348.250

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 870.000 í málskostnað.

Staðfesta ber löghald, er stefnandi lét hinn 1. apríl 1980 leggja á íbúð stefnda á þriðju hæð í húsinu nr. 4 við Iðufell í Reykjavík til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Ægir Ómar Hraundal, greiði stefnanda, Magnúsi Fr. Árna-

syni, kr. 3.569.125 með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 870.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 1. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Iðufelli 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C-18/1980: Magnús Friðrik Árnason gegn Ægi Ómari Hraundal.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 kröfubréf, nr. 3 tjónakvittun. Nr. 1 fylgir með í ljósriti. Nr. 2—3 fylgir með í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Björn Jónsson héraðsdómslögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 6.926.265 með 16% ársvöxtum frá 7. janúar 1978 til 21. febrúar s. á, 19% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þ. d. til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 14.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 2.358.290. Gerðarbeiðandi leggur nú fram sem löghaldstryggingu kr. 1.200.000, sem fógeti metur gilda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Halldóra Guðrún Ólafsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola, íbúð á 3. hæð til hægri að Iðufelli 4.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.